

## Aðalfundur SÍL

haldinn í húsnæði Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar, laugardaginn 1. október 2016 kl. 16:30.

Viðstaddir voru fulltrúar frá fjórum lúðrasveitum:

Atli Týr Ægisson, Brynjar Óskarsson, Finnbogi Óskarsson og Valgeir Geirsson frá Lúðrasveit Hafnarfjarðar, Ólafur Þór Snorrason og Flóvent Máni Theodórsson frá Lúðrasveit Vestmannaeyja, Bryndís Baldvinsdóttir, Carlos Caro Aguilera og Guðrún Helga Heiðarsdóttir frá Lúðrasveitinni Svan, Ívan Baldvin Júlíusson, Páll Pálsson og Rannveig Rós Ólafsdóttir frá Lúðrasveit Verkalýðsins, Guðmundur Hreiðarsson og Hans Orri Straumland frá Brassbandi Reykjavíkur.

Páll formaður setti fundinn. Valgeir var skipaður fundarstjóri og Finnbogi fundarritari.

Viðstaddir staðfestu að löglega hefði verið boðað til fundarins.

Fundarstjóri rakti fyrirhugaða dagskrá fundarins skv. lögum SÍL.

### Skýrsla stjórnar

Páll las skýrslu stjórnar fyrir síðasta starfsár. Helstu þættir í henni voru:

1. Á haustmánuðum 2015 var gengið í að taka saman yfirlit yfir íslensk lúðrasveitaverk sem til eru á nútímum, með það fyrir augum að tryggja varðveislu verkanna. Þessi listi verður svo lagður til grundvallar forgangsröðun í skönnun og tölvusetningu verka eftir því sem fjármagn fæst til þeirra verka. Listar bárust frá Brassbandi Reykjavíkur, Lúðrasveit Hafnarfjarðar, Lúðrasveitinni Svan, Lúðrasveit verkalýðsins, Lúðrasveit Vestmannaeyja og Lúðrasveit Stykkishólms. Aðrar sveitir hafa ekki sent slíkt yfirlit, af ýmsum ástæðum, en þær eru hvattar til að gera það hið fyrsta.
2. Ákveðið var að gefa út nýja bók í anda Leikandi létt, með íslenskum dægurlögum í handhægum útsetningum. Sveitunum var boðið að gera tillögur að lögum og útsetjurum og brugðust þær flestar vel við því. Niðurstaðan varð sú að Einar Jónsson, Ellert Karlsson, Kári Húnfjörð Einarsson og Rúnar Óskarsson voru fengnir til að útsetja. Ágústa Ragnarsdóttir úr Þorlákshöfn hannaði forsíðu og baksíðu, Einar Jónsson sá um að samræma útsetningar, STEF styrkti útgáfuna og prentstofan Hvíta Örkin sá um prentun. Bókin var tilbúin í byrjun júní og var þá dreift til sveitanna.
3. Á síðasta aðalfundi var stungið upp á að halda eins dags landsmót í nágrenni Reykjavíkur. Fyrst var stefnt á að halda mótið í vor en síðar var ákveðið að halda það 1. október í Mosfellsbæ. Um 50 spilarar úr 5 sveitum mættu. Þeim var skipt upp í 2 sveitir sem æfðu og spiluðu lög úr Leikandi létt 2 undir stjórn Carlosar Caro Aguilera og Jóhanns Björns Ævarssonar. Almenn ánægja var með landsmótið meðal viðstaddra.

Finnbogi las fundargerð síðasta aðalfundar sem haldinn var í Reykjavík 27. september 2015. Engar athugasemdir voru gerðar við hana.

Ólafur lagði fram endurskoðaða reikninga fyrir síðasta reikningsár, þ.e. tímabilið 1.9.2015 til 31.8.2016. Gjöld umfram tekjur á tímabilinu voru tæpar 260.000 kr., sem skýrist að mestu leyti af kostnaði við útgáfu Leikandi létt 2. Eign SÍL í sjóði er um 1,3 Mkr. Ekki voru gerðar athugasemdir við reikningana og voru þeir samþykktir með lófataki.

### **Lagabreytingar**

Ritari hafði fyrir hönd stjórnar SÍL lagt fram tillögur að breytingum á fjórum greinum laga sambandsins, sem allar sneru að því að laga löginn að starfsháttum sambandsins. Þetta voru greinar nr. 6, 7, 10 og 11. Allar lagabreytingatillögurnar voru samþykktar.

### **Tillögur um félagsgjöld**

Páll stakk upp á að félagsgjald verði áfram 10.000 kr. á hverja starfandi lúðrasveit. Þessi tillaga var samþykkt samhljóða. Jafnframt var ítrekaður sá skilningur fundarmanna að sveitir sem ekki eru starfandi og greiða því ekki félagsgjaldið, haldi þó áfram aðild sinni að sambandinu en hafi ekki atkvæðisrétt á aðalfundi.

### **Kjör stjórnar og endurskoðenda**

Engin framboð til stjórnar höfðu borist fyrir fundinn en sitjandi stjórnarmenn lýstu því yfir á fundinum að þeir gæfu áfram kost á sér. Engin mótframboð bárust og voru þeir því kjörnir hver á fætur öðrum með lófataki.

Valgeir bauð sig fram sem skoðunarmann reikninga og Jón Ingvar Bragason var boðinn fram að sér fjarstöddum. Engin fleiri framboð bárust og því voru þeir kjörnir með lófataki.

Stjórn SÍL starfsárið 2015-2016 er því svo skipuð:

Fomaður: Páll Pálsson

Gjaldkeri: Ólafur Þór Snorrason

Ritari: Finnbogi Óskarsson

Meðstjórnendur: Hans Orri Straumland og Guðrún Helga Heiðarsdóttir

Skoðunarmenn reikninga: Jón Ingvar Bragason og Valgeir Geirsson

### **Önnur mál**

Útgáfumál: Páll reifaði samninga við STEF vegna útgáfu á Leikandi létt 2. Formlega gaf SÍL sveitunum nóturnar, en þær borguðu bara prentkostnað – það kom betur út vegna leyfismála. Tveir útsetjarar hrukku úr skaftinu sem jók álagið á hina fjóra og gerði þeim erfiðara að standast tímamörk. Af þessu má draga ýmsan lærdóm.

- Í fyrsta lagi var of mikil tímappressa á útgáfunni, auk þess sem vorin eru annasamur tími fyrir tónlistarkennara – þ.á.m. útsetjarana.
- Í öðru lagi fór óþarflega mikill tími hjá EJ í að samræma útlit og raddskrár. Gera þarf skýrari kröfur til útsetjaranna um hljóðfæraskipan og uppsetningu parta.
- Í þriðja lagi gafst of skammur tími til að prufukeyra útsetningarnar. Nauðsynlegt er að prófa þær með öllum hljóðfærum – ekki bara þeim sem mætt eru á æfingu hverju sinni.

Í tengslum við útgáfu Leikandi létt 2 urðu Lúðrasveit Akureyrar, Lúðrasveit Selfoss og Lúðrasveit Hornafjarðar aftur virkir félagar í SÍL, og eru virkar aðildarsveitir því orðnar 10. Því ber að fagna. Almenn ánægja er meðal fundarmanna með bækurnar, þótt hver og einn geti haft sína skoðun á lagavali og stökum útsetningum.

Nokkrir hljóðfærahópar utan SÍL, m.a. SÍSL-sveitir hafa óskað eftir að fá bókina. Ekki var keypt leyfi til að prenta nema 1000 eintök og SÍL hefur ekki leyfi til að selja bókina, svo þetta þarf að leysa með einhverjum hætti. Í raun eru það bara útsetjararnir sem geta selt stakar útsetningar. Þó væri gott að finna einhvern flöt á þessu. Stjórn var falið að ræða útgáfumál á breiðum grundvelli við stjórn SÍSL.

Nokkur umræða varð um hvað SÍL gæti lagt til lúðrasveitastarfs annað en landsmót og nótnaútgáfu. Meðal þeirra hugmynda sem ræddar voru, var að halda námskeið fyrir blásara, t.d. helgarlangt. Þar mætti fá kennara, t.d. úr Sinfóníuhljómsveit Íslands og/eða Listaháskólanum, til að kenna mismunandi hljóðfærahópum. Halda mætti raddæfingar, svo samæfingu og e.t.v. enda á tónleikum.

### **Skýrslur lúðrasveitanna**

Þrjár lúðrasveitir (Lv, LH, Svanur) skiluðu inn skýrslu fyrir aðalfund, og fara þær hér á eftir. Fulltrúar Lúðrasveitar Vestmannaeyja og Brassbands Reykjavíkur gáfu stuttar munnlegar skýrslur um starfið.

**Lv:** Á síðasta starfsári hafa að jafnaði 35-40 félagar mætt á æfingar en á tónleikum hafa hljóðfæraleikarar farið upp undir 50. Kári Húnfjörð Einarsson er að hefja sitt 5. starfsár með sveitinni. Tvennir hrekkjavökutónleikar í Bæjarbíói 31. október. Aðventutónleikar með jólalögum í Seltjarnarneskirkju 14. desember. 12. mars tók Lv þátt í 100 ára afmælisfögnuði ASÍ og kom sveitin 6 sinnum fram yfir daginn. Seinna sama dag hélt sveitin vortónleika í Kaldalóni. Í apríl hélt sveitin stutta tónleika í tengslum við barnameningarhátíð á Seltjarnarnesi. Einnig var spilað á starfsárinu við margs konar opnanir, árs hátíðir og á viðburðum tengdum verkafélögum ásamt föstum liðum eins og 1. maí og 17. júní. Líkt og undanfarin tvö ár hefur Lv boðið meðlimum annarra lúðrasveita að spila með í Gleðigöngunni. Þetta hefur þótt skemmtilegt samstarfsverkefni milli lúðrasveita landsins og almenn ánægja verið með samstarfið.

**LH:** Starfandi félagar voru 35-40. Stjórnandi er Rúnar Óskarsson. Októberfesttónleikar á Ölstofu Hafnarfjarðar 10. október. Hausttónleikar í Víðistaðakirkju 28. nóvember. Vortónleikar í Víðistaðakirkju 9. apríl. Sveitin fór tónleikaferð um Árnesping í byrjun júní, spilaði á nokkrum stöðum og endaði í veislu. Auk þess var leikið á Ljósanótt í Reykjanesbæ, á Októberfestum á stór-Hafnarfjarðarsvæðinu, við tendrun ljósa á jólatrjám, í kröfugöngu 1. maí og við hefðbundin hátíðahöld á Sjómannadaginn og 17. júní.

Framundan eru Októberfest 8. október og tónleikar í Víðistaðakirkju 3. desember.

**LS:** Nýr stjórnandi tók við haustið 2015, Carlos Caro Aguilera. Hausttónleikar í Norðurljósum 25. nóvember. Stuttir jólatónleikar í Hörpuhorni 19. desember. Vortónleikar í Norðurljósum 16. apríl. Um 60 hljóðfæraleikarar á tónleikum. Spilað í kröfugöngu 1. maí og

skráðgöngu 17. júní. Ferð til Bad Orb í Þýskalandi um miðjan september. Auk þess fjölmargar spilamennskur í stærri eða smærri hópum, einkum í tengslum við söfnun sveitarinnar fyrir nýjum búningum, á Karolina fund. Nýir búningar, hannaðir af Rögnu Fróðadóttur teknir í notkun 17. júní. Æfingar í of litlu og óhentugu húsnæði í Mjódd. Framundan eru hausttónleikar í Norðurljósum 28. nóvember.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 17:50.

*Finnbogi Óskarsson*